




30. janúar 2025

OPINBER ÚTBOÐ ÁÆTLUÐ 264 MILLJARÐAR KRÓNA Í ÁR – TVÖFÖLDUN FRÁ FYRRA ÁRI


Áætluð heildarfjárhæð í fyrirhuguðum verklegum útboðum þeirra tíu opinberu verkkaupa sem taka þátt í Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins (SI), Samtaka innviðaverktaka og Mannvirkis – félags verktaka 2025 nemur 264,2 milljörðum króna. Þetta er nær tvöföldun frá þeim útboðum sem raungerðust árið 2024 en þau námu 134,5 milljörðum króna. Þrír verkkaupar af tíu boða 90% aukningarinnar, þ.e. Landsvirkjun, Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir (FSRE) og Nýr Landspítali (NLSH).

Umfangsmest eru fyrirhuguð útboð Landsvirkjunar sem eru áætluð 92 milljarðar króna fyrir árið 2025. Það nemur ríflega 35% af öllum fyrirhuguðum útboðum opinberra aðila sem taka þátt í Útboðsþingi SI í ár. Aðrir sem boða umfangsmikil útboð á árinu eru FSRE með 50,2 milljarða króna og NLSH með 42,5 milljarða króna. Samanlagt eru þessir þrír aðilar með boðuð verkútboð fyrir 184,7 milljarða króna á árinu eða um 70% af fyrirhuguðum útboðum 2025. Aðrir þátttakendur þingsins fyrirhuga að bjóða út verk fyrir minna en 20 milljarða króna hver á árinu.


Áætluð verkútboð 2025
Hlutfall af heild



Útboð verklegra framkvæmda
Í milljörðum króna



Fjárfesting í verklegum framkvæmdum
Í milljörðum króna




Á Útboðsþingi 2024 voru kynnt áform tíu opinberra aðila um fyrirhuguð útboð fyrir 203 milljarða króna á því ári, en í lok árs höfðu aðeins útboð fyrir 134,5 milljarða króna raungerst. Útboð síðasta árs voru því 68,5 milljörðum minni en boðuð var, eða um 34% lægri. Mestur munur var á fyrirhuguðum útboðum og raunútboðum hjá Landsvirkjun árið 2024, eða 62 milljarðar króna. Sá munur skýrir nær 91% af fjárhæðum þeirra fyrirhuguðu útboða sem ekki raungerðust á árinu. Öðrum opinberum verkkaupum tókst heilt yfir að koma boðuðu fjármagni í útboð en ekki endilega boðuðum verkefnum. Rétt er að árétta að þær áætlanir um útboð sem kynntar eru á Útboðsþingi SI eru ekki fastar í hendi og ber því að taka þeim með fyrirvara. Þá er einnig rétt að taka fram að verkefni sem fara í útboð á árinu geta komið til framkvæmda á næstu árum.

Áætlað er að opinberir aðilar fjárfesti fyrir 180,3 milljarða króna á þessu ári, sem er 33,2 milljörðum króna meira en árið 2024. Ef það raungerist jafngildir það 23% aukningu á milli ára. Til samanburðar námu fyrirhugaðar fjárfestingar á árinu 2024 samkvæmt Útboðsþingi SI um 168,8 milljörðum króna, en ný gögn sýna að fjárfesting ársins nam í raun 147,1

milljörðum króna, sem er tæplega 13% undir áætlunum. Þetta sýnir að fyrirhugaðar fjárfestingar í verklegum framkvæmdum, sem kynntar eru á þinginu, ber að taka með fyrirvara vegna þeirrar óvissu sem í þeim áætlunum felst. Næg fjárfesting í efnahagslega mikilvægum innviðum rennir stoðum undir hagvöxt framtíðarinnar. Aukning í fjárfestingum og útboðum, ef af verður, er því jákvætt framlag til verðmætasköpunar og lífsgæða landsmanna, bæði á þessu ári og lítið til framtíðar.

UMFANGSMIKIL ÚTBOÐ VERKLEGRA FRAMKVÆMDA FYRIRHUGUÐ

Umfangsmestu útboð þessa árs boða Landsvirkjun, FSRE og NLSH. Landsvirkjun fyrirhugar útboð fyrir 92 milljarða króna á þessu ári en á síðasta ári námu raunútboð Landsvirkjunar 38 milljörðum króna. Í upphafi árs 2024 áætlaði Landsvirkjun að bjóða út verk að upphæð 100 milljörðum króna en vegna tafa á leyfisveitingum framkvæmda raungerðist ekki nema hluti fyrirhugaðra útboða.




FSRE áformar útboð fyrir 50,2 milljarða króna á árinu sem er margföld aukning frá fyrirhuguðum útboðum síðasta árs. Þá stefndi stofnunin að því að bjóða út verkefni fyrir um 11 milljarða króna en útboð fyrir 10,3 milljarða raungerðust á árinu. Meðal verkefna sem FSRE áformar að bjóða út á árinu eru nýframkvæmdir fyrir 42 milljarðar króna og viðhald og endurbætur fyrir 8,2 milljarðar króna. Meðal nýframkvæmda er hönnun og ráðgjöf um 11 milljarðar króna, samstarf hönnunar og byggingarverktöku 28,6 milljarðar króna og byggingaverktaka fyrir 12,7 milljarða króna. Í viðhald og endurbætur fara 3,5 milljarðar króna í örútböð innan rammisamninga, 2,3 milljarðar króna í almenn útboð og 2,35 milljarðar króna í þjónustusamninga á grundvelli örútböða (til 2ja ára).

NLSH stefnir á að bjóða út verk fyrir 42,5 milljarða króna á árinu sem er tvöföldun á því sem boðað var á síðasta ári. Helstu verkefni til útboðs á vegum NLSH eru frágangur á meðferðakjarna og rannsóknahús ásamt gatna-, veitna- og lóðagerð við Hringbraut.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) kynna áform fyrir Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes. Þessi sveitarfélög boða umfangsmeiri útboð á árinu 2025 eða 17,8 milljarða króna samanborið við 13,5 milljarða króna í áætlun síðasta árs en þá varð af útboðum að fjárhæð 12,1 milljarði króna. Sveitarfélögin hyggjast m.a. bjóða út framkvæmdir í húseignum og íþróttamannvirkjum ásamt gatnasvæðum og veitumálum. Reykjavíkurborg boðar einnig nokkra aukningu í útboðum á komandi ári. Áætlanir gera ráð fyrir útboðum að fjárhæð 11,9 milljörðum króna samanborið við 8 milljarða í fyrirhuguð útboð á síðasta ári en þá raungerðust útboð fyrir 6,9 milljarða hjá borginni.

Fyrirhuguð útboð og raunútboð verklegra framkvæmda 2024 Í milljörðum króna




Vegagerðin áætlað að bjóða út fyrir um 17 milljarða á árinu og Betri samgöngur 8,2 milljarða. Raunútboð Vegagerðarinnar árið 2024 námu 22,8 milljörðum en áætlanir í upphafi þess árs gerðu ráð fyrir 25 milljörðum. Nokkur af helstu útboðsverkefnum í vegagerð á þessu ári eru Vestfjarðarvegur um Dynjandisheiði, Gufudalssveit og Ólafsdal, Örylgshafnarvegur, Norðausturvegur um Brekknaheiði, Skagavegur, Vatnsdalsvegur, Stokknesvegur, Hagabraut, Grafningsvegur, Nesvegur, Búðafossvegur og Þjórsárdalsvegur ásamt breikkun Vesturlandsvegur. Einnig eru fyrirhuguð útboð í hafnargerð og má þar nefna í Ólafsvík, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og Súðavík en einnig á Húsavík, Dalvík og á Skagaströnd auk Landeyjahafnar.

Veitur fyrirhuga útboð fyrir 11,8 milljarða króna á árinu sem er aukning frá þeim útboðum sem raungerðust á árinu 2024 þegar boðin voru út verk fyrir 9 milljarða króna. Landsnet áætlað að bjóða út verk fyrir 11,4 milljarða króna á árinu sem er samdráttur frá fyrirhuguðum útboðum fyrir árið 2024 þegar áætlanir gerðu ráð fyrir 17,3 milljörðum króna. Þá raungerðust útboð fyrir 15,2 milljarða króna á síðasta ári. Meðal verkefna sem Landsnet hyggst bjóða út á árinu er Blöndulína 3 og Suðurnesjalína 2. ISAVIA boðar minni umsvif á árinu en áætlanir gera ráð fyrir útboðum fyrir 1,4 milljarð króna. Á síðasta ári voru engin útboð þrátt fyrir áætlanir um 6,7 milljarða króna útboð í upphafi árs 2024.

ÁFRAMHALDANDI AUKNING Í OPINBERUM INNVIÐAFRAMKVÆMDUM

SSH, sem kynna áform fyrir Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, boða umfangsmestu innviðaframkvæmdirnar á þessu ári. Áætla sveitarfélögin verklegar innviðaframkvæmdir fyrir um 29,3 milljarða króna á árinu. Það er um 2 milljörðum umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir að


Áætluð fjárfesting í verklegum framkvæmdum Í milljörðum króna



fjárfest yrði fyrir á síðasta ári. Innviðaframkvæmdir þessara sveitarfélaga á síðasta ári reyndust 25,9 milljarðar króna. Þessu til viðbótar áætlaðar Reykjavíkurborg verklegar framkvæmdir í ár fyrir 18,1 milljarð króna samanborið við 15,7 milljarða króna fjárfestingu í innviðum í fyrra.

Vegagerðin boðar framkvæmdir fyrir 26 milljarða króna á þessu ári sem er lægra en áætlanir fyrir síðasta ár gerðu ráð fyrir en þá var stefnt á að fara með 32 milljarða króna í verklegar innviðaframkvæmdir. Þá voru innviðaframkvæmdir Vegagerðarinnar 29,6 milljarða króna á síðasta ári þannig að ef áætlanir þessa árs ná fram að ganga munu framkvæmdir stofnunarinnar lækka um tæpa 4 milljarða á milli ára.

Landsvirkjun fyrirhugar að auka verulega framkvæmdir í orkuinnviðum á milli ára og áætlaðar að þær muni nema 25 milljörðum króna á þessu ári. Til samanburðar námu áætlaðar innviðaframkvæmdir Landsvirkjunar 7 milljörðum króna í fyrra. Innviðaframkvæmdir fyrirtækisins fóru hins vegar umfram það sem boðað var og urðu 8 milljarðar króna. Standist áætlanir mun fjárfesting Landsvirkjunar í orkuinnviðum þrefaldast á milli ára.



Fimm aðilar áætla innviðaframkvæmdir hver fyrir 20 milljarða króna eða meira. Þetta eru ofangreindir þrjár aðilar auk NLSH og Veitna. Samanlagðar innviðaframkvæmdir þessara fimm aðila munu nema 121,8 milljörðum króna á þessu ári sem er nær 68% af áætluðum heildar innviðaframkvæmdum þeirra tíu aðila sem þátt taka í Útboðspingi Samtaka iðnaðarins.

	Útboð verklegra framkvæmda opinberra aðila				Ma.kr.
	Áætlun 2023	Raun 2023	Áætlun 2024	Raun 2024	Áætlun 2025
Landsvirkjun	46	0,5	100,0	38	92
FSRE	35,1	1,9	11,0	10,3	50,2
NLSH	16	14	21,5	20,2	42,5
SSH	13,4	16,6	13,5	12,1	17,8
Vegagerðin	35	30	25,0	22,8	17
Reykjavík	9,1	8,5	8,0	6,9	11,9
Veitur	-	-	0,0	9	11,8
Landsnet	13,4	9,5	17,3	15,2	11,4
Betri samgöngur	-	-	-	-	8,2
ISAVIA	5	6,7	6,7	0	1,4
Samtals	173,0	87,7	203,0	134,5	264,2

	Fjárfesting í opinberum innviðaf framkvæmdum				Ma.kr.
	Áætlun 2023	Raun 2023	Áætlun 2024	Raun 2024	Áætlun 2025
Landsvirkjun	7,2	6,2	7,0	8	25
FSRE	-	11	10,1	12	17,5
NLSH	20	13	23,0	18,2	21,9
SSH	24,5	22,4	27,2	25,9	29,3
Vegagerðin	23	30,6	32,0	29,6	26
Reykjavík	18,9	19,7	18,7	15,7	18,1
Veitur	15,5	14,5	18,1	16,7	19,6
Landsnet	11	6,7	17,5	10	17
ISAVIA	10,8	13,7	15,3	11	5,1
Betri samgöngur	-	-	-	-	0,8
Samtals	130,9	137,8	168,8	147,1	180,3